

65

5. des.

## L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1959 20 auru af hverjum lítra, þar af skulu 5 auru renna í brúasjóð og 5 auru í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
  2. Bifreiðaskattur samkvæmt c.—e-liðum 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 fyrir árið 1958, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1959, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1959, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
  3. Á árinu 1959 skal innheimta innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar.
- Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

*Gjört í Reykjavík, 5. desember 1958.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

66

5. des.

## L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

- Á árinu 1959 skal innheimta:
- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:
    - a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aorum af kg í stað 1 eyris.

b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr. 66

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr. 5. des.

Á árinu 1959 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og hækkunum samkvæmt þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1959.

### 2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A.- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	27 — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

### 3. gr.

Á árinu 1959 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1959.

*Gjört á Bessastöðum, 5. desember 1958.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*